

Magnús Guðmundsson, hafa gert á hendur ákærða í málinu. Þá ber að ákveða, að allur sakarkostnaður greiðist úr ríkissjóði, þar með talin þóknun verjanda ákærða, Péturs Þorsteinssonar hdl., er ákveðst kr. 600.00.

Dómsorð:

Ákærði, Jörgen Óskar Jörgensson, skal vera sýkn af ákærum í máli þessu.

Skaðabótakröfu Bjargar Ólafsdóttur og Magnúsar Guðmundssonar vísast frá dómi.

Allur kostnaður sakarinnar greiðist úr ríkissjóði, þar á meðal kr. 600.00 í þóknun til skipaðs verjanda ákærða, Péturs Þorsteinssonar hdl.

Priðjudaginn 4. marz 1952.

Nr. 106/1950. **Jón Magnússon** (Gústaf A. Sveinsson)
gegn

Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs
(Sigurður Ólason)

Valdimar Stefánssyni sakadómara og Þórði Björnssyni fulltrúa (Ragnar Jónsson).

Setudómari próf. Ármann Snævarr
í stað hrd. Jóns Ásbjörnssonar.

Krafa um bætur fyrir gæzluvarðhald. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 31. júlí 1950. Krefst hann þess, að stefnda fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs verði dæmt að greiða honum kr. 78.816.60 með 6% ársvöxtum frá 19. nóvember 1949 til greiðsludags og málskostnað, bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, svo sem málið væri ekki gjafsóknarmál. Þá hefur stefnandi og stefnt sakadómaranum í Reykjavík og fulltrúa hans Þórði Björnssyni til réttargæzlu í málinu fyrir Hæstarétti, en engar kröfur gert á hendur þeim.

Stefndi fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs krefst aðallega

staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir Hæstarétti, en *til vara*, að fjárkrafa áfrýjanda verði lækkuð til muna og málskostnaður látinn falla niður.

Af hálfu stefndu sakadómarans í Reykjavík og Þórðar Björnssonar hefur verið krafizt ómaksbóta fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Pó að ekki sé að treysta út af fyrir sig vætti Guðmundar Magnúsar Kristinssonar, þá þykja aðrar ástæður, sem raktar eru í hinum áfrýjaða dómi, leiða til þess að sýkna stefnda fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs af kröfum áfrýjanda í máli þessu. Ber því að staðfesta hinn áfrýjaða dóm.

Eftir atvikum og með hliðsjón af 3. tölulið 154. gr. laga nr. 27/1951 þykir mega ákveða, að ríkissjóður beri kostnað af áfrýjun málsins, þar á meðal kostnað af fjölritun ágríps, kr. 3132.00, og málflutningslaun talsmanns áfrýjanda fyrir Hæstarétti, er ákveðast kr. 3500.00. Ekki þykir ástæða til að dæma stefndu sakadómaranum í Reykjavík, Valdimar Stefánssyni, og Þórði Björnssyni fulltrúa málskostnað úr hendi áfrýjanda, þar sem þeim var aðeins stefnt til réttargæzlu, án þess að kröfur væru gerðar á hendur þeim.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Stefndi fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs greiði kostnað af áfrýjun málsins, þar á meðal áfrýjanda, Jóni Magnússyni, kr. 3132.00, og skipuðum málflytjanda áfrýjanda fyrir Hæstarétti, Gústaf A. Sveinssyni hæstaréttarlögmanni, kr. 3500.00. Að öðru leyti fellur málskostnaður niður.

Sératkvæði

**Árna Tryggvasonar hæstaréttardómara
og prófessors Ármanns Snævarr.**

Áfrýjandi hefur stefnt Valdimar Stefánssyni sakadómara og Þórði Björnssyni fulltrúa til réttargæzlu í máli þessu. Eins og málinu er háttað, verður að telja eðlilegt, að þeir

hafa látið sækja þing. Þykir því rétt, að áfrýjandi greiði þeim málskostnað í Hæstarétti, sem eftir atvikum þykir hæfilega ákveðinn kr. 500.00 til hvors þeirra.

Að öðru leyti erum við samþykkir forsendum og niðurstöðum hæstaréttardómsins.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 21. júní 1950.

Mál þetta, sem dómtekið var 14. þ. m., hefur Jón Magnússon stýrimaður, til heimilis að skála E 19 í Knox-skálahverfi hér í bæ, höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, útgefinni 19. nóv. f. á., samkvæmt heimild í 1. gr. og 3. gr. laga nr. 28 frá 1893, sbr. 1. tölulið 2. mgr. 5. gr. laga nr. 85 frá 1936, gegn fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs til greiðslu skaðabóta fyrir gæzluvarðhald að ósekju, að fjárhæð kr. 48.816.60 auk 6% ársvaxta frá stefnudegi til greiðsludags. Þá hefur stefnandi krafizt málskostnaðar að skaðlausu, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál, en honum hefur samkvæmt bréfi dómsmálaráðuneytisins, dags. 6. þ. m., verið veitt gjafsókn í málinu fyrir héraðsdómi.

Stefnandi hefur og stefnt sakadómaranum í Reykjavík, Valdimar Stefánssyni, og fulltrúa hans, Þórði Björnssyni, til þess að gæta hagsmuna sinna í málinu, en engar sjálfstæðar kröfur hefur hann gert á hendur þeim.

Við munnlegan flutning málsins hækkaði stefnandi skaðabótakröfu sína með samþykki stefndu um kr. 30.000.00 eða upp í kr. 78.816.60.

Aðalstefndi hefur krafizt þess aðallega, að hann verði algerlega sýknaður af öllum kröfum stefnanda, en til vara, að skaðabótakrafan verði lækkuð eftir mati dómsins. Hins vegar lýsti umboðsmaður hans því yfir við munnlegan flutning málsins, að hann krefðist ekki málskostnaðar úr hendi stefnanda.

Réttargæzlustefndu hafa krafizt ómakslauna sér til handa úr hendi stefnanda.

Málavextir eru, eftir því sem fram hefur komið, þessir:

Í lok októbermánaðar 1948 fór strandferðaskipið m/s Herðubreið héðan úr Reykjavík austur og norður um land til Siglufjarðar og til baka aftur. Á heimleiðinni kom skipið við á Akureyri og hélt þar kyrru fyrir frá kl. 16.40 fimmtudaginn 28. október 1948 til kl. 16.30 næsta dag. Bryti á skipinu var Ólafur Tryggvason, til heimilis að Öldugötu 2 í Hafnarfirði. Var herbergi hans á bakborða niðri í skipinu, og hafði hann herbergið einn og lykil að því. Tveir aðrir lyklar gengu að herberginu, annar lykillinn var áfastur við lykil, sem gekk að tauskáp, sem var í sama gangi og herbergi Ólafs, og var sá lykill geymdur annaðhvort í læsingu tauskápsins eða fyrir ofan herbergisdýr Ólafs. Hinn lykillinn var sá sami og gekk að borðsal yfirmanna stjórnborðsmegin á sömu hæð í skipinu, og var þessi lykill geymdur í ólæstri skúffu í borðsalnum. Það var vitað meðal skipverja, að margir lyklar skipsins gengu að fleiri en einni læsingu þar, en ekki er

upp komið, að þeim hafi verið kunnugt um, að áðurnefndir tveir lykklar gengju að herbergisdyrum Ólafs, að undanteknum einum skipverjanna, Magngeiri Val Jónssyni.

Um kl. 14.00 29. október fór Ólafur bryti í land á Akureyri og læsti herbergi sínu með lykli sínum og stakk honum í vasa sinn. Voru þá kr. 1800.00 í þremur fimm hundruð króna seðlum og þremur hundruð króna seðlum í peningakassa í skrifborði, sem var í herberginu. Peningarnir voru eign Skipaútgerðar ríkisins og höfðu komið inn fyrir fæði farþega, sölu vindlinga, öls o. fl. Var kassinn í efstu skúffu skrifborðsins, og var hún læst, en lykillinn stóð í skránni. Kassinn var lítill úr blikki og læstur, og bar Ólafur lykilinn að honum á sér, en læsingin var ekki sterk, svo að auðvelt var að sprengja kassann upp, jafnvel með höndunum. Í kassanum var laust efra hólfi fyrir smápeninga, og voru ef til vill nokkrir aurar í því. Í neðra hólfinu voru, auk áðurgreindra kr. 1800.00, viðurkenningar fyrir peningalánunum, sem Ólafur hafði fyrr um daginn veitt 4 skipverjum, þeim Guðmundi Magnúsi Kristinssyni, Magngeiri Val Jónssyni, Ingva Kjærvik og Boga Guðmundssyni. Þá geymdi Ólafur í loki peningakassans nokkrar viðurkenningar frá stefnanda fyrir lánunum, sem Ólafur hafði áður veitt honum, samtals að fjárhæð kr. 300.00. Ekki verður séð, að stefnanda hafi verið kunnugt um, að viðurkenningar hans væru geymdar þarna. Allir framangreindir menn höfðu vitjað Ólafs í herbergi hans til þess að fá lánin. Voru þeir oft búnir að sjá áðurnefndan peningakassa í skrifborðsskúffunni og vissu, að Ólafur geymdi þar peninga vegna starfs hans á skipinu.

Ólafur kom aftur um borð í skipið um kl. 16.00 og virðist þá ekki hafa séð neitt athugavert í herbergi sínu. Milli kl. 19.00 og 20.00 þurfti hann að fara í peningakassann, en hann var þá horfinn, og sáust ekki nein merki, er af yrði ráðið um hvarf hans. Tilkynnti Ólafur skipstjóránunum hvarf kassans daginn eftir. Skipið kom til Reykjavíkur 3. nóvember 1948, og tilkynnti Ólafur 4. s. m. rannsóknarlögreglunni í Reykjavík kassahvarfið.

Grunur féll á bátsmanninn á Herðubreið, áðurnefndan Guðmund Magnús, um, að hann væri valdur að hvarfi kassans, og eftir hádegi 5. nóvember yfirheyrði rannsóknarlögreglan í Reykjavík hann og tók af honum tvær skýrslur. Neitaði hann í fyrstu að hafa tekið kassann eða verðmæti úr honum og kvaðst engar upplýsingar geta gefið um það, hver mundi hafa gert það. Í síðari skýrslu sinni breytti hann framburði sínum og kvaðst nú vilja segja sannleikann í málinu. Sagðist hann hafa tekið peninga frá Ólafi bryta, rétt áður en skipið fór frá Akureyri. Hann hafi verið búinn að eyða nokkru af peningum, sem Hreggviður Ágústsson, kafari á Þórshöfn, hafði afhent honum á norðurleið til áfengiskaupa fyrir hann í ferðinni, og því hafi hann ætlað að hitta Ólaf til að fá peninga hjá honum. Kvaðst Guðmundur Magnús hafa farið inn í ólæst og mannlaust herbergi Ólafs. Hann hafi vitað, hvar Ólafur geymdi peninga skipsins, og hafi honum þá flogið í hug að taka eitthvað af þeim. Peningakassinn hafi verið geymdur í ólæstri skúffu í skrifborði í herberginu, verið ólæstur og í honum kr. 1500.00. Þá peninga kveðst Guðmundur Magnús hafa tekið

og haft á burt með sér. Hann hafi verið einn um verknaðinn og enginn í vitorði með honum. Guðmundur Magnús fór síðan 5. nóvember með skipinu aðra ferð austur og norður um land til Akureyrar, og kom skipið aftur til Reykjavíkur 17. s. m. Daginn eftir fór hann af sjálfsdáðum til rannsóknarlögreglunnar og tjáði henni, að í þetta sinn vildi hann segja satt og rétt frá þjófnaðinum í skipinu, og var þá frásögn hans á þessa leið: Hann hafi síðari hluta dags þess, sem peningarnir hafi horfið, farið niður í herbergi sitt, og hafi þá stefnandi og Bogi Guðmundsson verið staddir þar og verið að drekka úr brennivínsflösku, sem hann hafi átt. Bogi hafi farið rétt strax í burtu, en stefnandi hafi beðið hann að loka herbergisdyrunum. Kveðst Guðmundur Magnús hafa gert það. Hafi stefnandi þá dregið peningakassa úr „koju“ hans og skipað honum að fara út með hann og koma honum í sjóinn. Ætlaði Guðmundur Magnús þá að spyrja stefnanda eitthvað um kassann, en stefnandi hafi þá verið illur og skipað honum að koma kassanum út. Kveðst Guðmundur Magnús ekki hafa athugað kassann frekar, en stungið honum inn á sig, hlaupið með hann upp á þilfar og kastað honum í sjóinn. Hafi hann síðan farið niður í herbergi sitt og hafi stefnandi þá fengið honum fimm hundruð króna seðil, sem hann hafi tekið við. Síðar, þegar hann frétti um þjófnaðinn frá Ólafi bryta, telur Guðmundur Magnús sig hafa vitað, hvernig í öllu hafi legið, og hann hefði kastað peningakassa Ólafs í sjóinn.

Sama dag yfirheyrdi rannsóknarlögreglan stefnanda um málið, og neitaði hann þá seinni framburði Guðmundar Magnúsar og kvað hann tilbúning einan. Daginn eftir eða 19. nóvember 1948 voru Guðmundur Magnús og stefnandi leiddir fyrir lögreglurétt Reykjavíkur, og héldu þeir þá fast við framburði sína fyrir rannsóknarlögreglunni daginn áður. Kvaðst Guðmundur Magnús ekki hafa vitað um það, fyrr en hann hafi tekið þátt í eyðslu peninganna, að þeir væru fengnir á refsiverðan hátt. Voru stefnandi og Guðmundur Magnús báðir úrskurðaðir í gæzluvarðhald vegna kassahvarfsins þenna dag. Hinn 24. s. m. var Bogi Guðmundsson og úrskurðaður í gæzluvarðhald og Magngeir Valur Jónsson hinn 26. s. m., báðir af sama tilefni.

Rannsókn málsins beindist síðan bæði að því að fá fram, hver af framburðum Guðmundar Magnúsar væri réttastur, svo og hinu, ef seinasti framburður hans var réttur, að upplýsa, hver eða hverjir hefðu tekið peningakassann eða verðmætin í honum frá Ólafi bryta eða verið þar í vitorði. Reyndist rannsóknin nokkuð tafsöm og ógreið. Var Bogi Guðmundsson látinn laus úr gæzluvarðhaldi 17. desember 1948, Magngeir Valur Jónsson 18. s. m. og stefnandi og Guðmundur Magnús 24. s. m.

Verður nú rakið það, sem fram kom í réttarrannsókninni og talið verður að hér skipti máli. Var framburður Guðmundar Magnúsar í stórum dráttum þessi: Hann kveðst hafa verið bátsmaður á m/s Herðubreið frá því í ágústmánuði 1948. Í þeirri ferð skipsins til Austur- og Norðurlands, er hófst í lok októbermánaðar, fékk Hreggviður Ágústsson, kafari á Þórshöfn, honum kr. 1000.00, svo sem áður er dregið á, til þess að kaupa fyrir hann áfengi. Hann kveðst sjálfur hafa átt kr. 500.00, en þegar skipið kom

til Siglufjarðar, hafi hann keypt áfengi fyrir mestallt fé sitt, en þó átt eftir um kr. 100.00, þegar komið var til Akureyrar á bakaleiðinni. Kvöldið, sem skipið kom þangað, neytti hann áfengis og eyddi öllum sínum peningum og auk þess um kr. 250.00 af peningum Hreggviðs. Morguninn eftir kveðst hann hafa farið til stefnanda í því skyni að fá lánaða peninga hjá honum til að geta keypt allt það áfengi, er hann hafði lofað að kaupa fyrir Hreggvið. Hitti hann stefnanda í herbergi hans, og voru báðir undir áhrifum áfengis. Bað hann þá stefnanda að lána sér peninga, en stefnandi hafi sagt, að hann hefði enga peninga, en þó rétt honum 30—40 krónur, og fór hann við svo búíð í burt. Síðar þenna sama dag eða laust eftir kl. 15 hafi hann komið í herbergi sitt í skipinu, og hafi þá stefnandi og Bogi verið staddir þar. Er framburður hans fyrir lögregluréttinum um það, hvað gerðist í herberginu, samhljóða seinni framburði hans fyrir rannsóknarlögreglunni, en sá framburður hefur verið rakinn hér að framan.

Er hann hafði tekið við 500 króna seðlinum hjá stefnanda, hélt hann í áfengisverzlunina á Akureyri og keypti áfengi fyrir peningana handa Hreggviði.

Hann kveðst hafa fengið grun um, að stefnandi hafi fengið peningakassann með óheiðarlegum hætti, þegar stefnandi bað hann að fleygja kassanum í sjóinn. Þessi grunur hafi styrkt, þegar stefnandi fékk honum fimm hundruð króna seðilinn, eftir að hann hafði kastað kassanum, og þegar hann svo frétti daginn eftir, að Ólafur bryti saknaði peningakassa, þá hafi honum strax orðið ljóst, að kassi sá, sem stefnandi hafði fengið honum, var einmitt þessi kassi Ólafs.

Næstu nótt kveðst hann hafa farið til stefnanda, þar sem hann var í kortaklefa skipsins, og skýrt honum frá því, að nú vissi hann, hvernig í öllu lægi með peningakassann, og spurt um það, hvað hann ætlaði að gera í málinu. Hafi stefnandi svarað því til, að honum kæmi það alls ekki neitt við, hann skyldi þegja, þetta væri algerlega sinn „business“. Voru hann og stefnandi báðir undir áfengisáhrifum í þetta skipti. Seinna í ferðinni, og telur hann, að skipið hafi þá verið statt fyrir sunnan land, hafi hann aftur talað við stefnanda um töku peninganna og kassans, og voru þeir þá báðir ódruknir. Sagði stefnandi þá við hann, að hann skyldi engar áhyggjur hafa af málinu, því að það kæmist aldrei upp, hver hefði tekið kassann, en yrði eitthvað gert í því, skyldi hann bjarga málinu.

Guðmundur Magnús segir, að þegar hann var kvaddur til rannsóknarlögreglunnar 5. nóvember 1948, hafi stefnandi vitað um það og beðið hann að tala við sig í næsta herbergi við skrifstofuna í skipinu. Kveðst hann hafa orðið við því, og hafi stefnandi sagt við hann, að ef það væri kassinn, sem hann ætti að mæta út af, skyldi hann játa á sig töku hans í bili, ef í hart færi. Hafi stefnandi sagzt ekki þurfa annað en að tala við ákveðinn mann til að kippa þessu öllu í lag. Kveðst hann hafa lofað stefnanda þessu, að hann telur í einu fljótræði. Í umrætt skipti hafi stefnandi einnig beðið hann að ná í smekklás fyrir sig á „lagernum“ í landi og skila bókum til Bæjarbókasafnsins og ná í aðrar. Við yfirheyrsluna hjá rannsóknar-

lögreglunni neitaði hann í fyrstu að vita nokkuð um töku kassans og hvarf peninga úr honum, eins og áður er sagt. Kveðst hann hafa búizt við því, að stefnandi væri að vinna að því að bjarga málinu, en klukkutímar hafi liðið, án þess að nokkuð hafi heyrzt frá honum. Hafi hann því játað á sig töku kassans og peninganna laust eftir kl. 16.00, enda hafi hann þá verið orðinn smeykur um, að hann yrði úrskurðaður í gæzluvarðhald og myndi missa af skipinu, en það átti að fara á hafnir úti á landi þá um kvöldið.

Er hann hafði játað á sig brotið, fór hann heim til stefnanda, hitti hann þar um kl. 18.30 og talaði við hann einslega. Sagði hann stefnanda frá því, að hann hefði játað allt fyrir lögreglunni. Hafi stefnandi þá spurt, hvort hann væri orðinn vitlaus. Sagði hann stefnanda þá frá öllu því, er gerzt hafði við yfirheyrsluna, og að hann hefði tekið allt á sig, en ekkert minnzt á stefnanda. Hafi stefnandi þá sagzt mundu geta útvegað honum 10.000.00 króna tryggingu, ef hann þyrfti á henni að halda, en hann kvað svo ekki vera. Síðan hafi stefnandi sagt, að hann myndi kippa þessu öllu í lag, svo og að hann yrði að koma með næstu ferð skipsins, svo að engan grunaði neitt. Kveðst hann síðan hafa beðið stefnanda að segja Ólafi bryta frá því, að hann hefði játað á sig þjófnaðinn, en Ólafur ætti að halda þessu leyndu. Hafi stefnandi lofað að gera þetta. Þá kveðst hann hafa margbeðið stefnanda að tala ekki við foreldra sína um málið, og hafi stefnandi einnig lofað því.

Þeir stefnandi og hann hafi svo orðið samferða heiman frá stefnanda niður að skipi. Hafi þá foreldrar hans verið þar komnir til þess að kveðja hann. Kveðst hann hafa farið um borð með fót sín, en þegar hann að vörmu spori hafi komið aftur upp á þilfar, hafi þeir (foreldrarnir) og stefnandi ekki sézt, en áður hafði stefnandi talað um, að hann ætlaði að tala við þá og kveðja þá. Faðir hans, Kristinn Hróbjartsson, hafi svo aftur komið um borð í skipið ásamt stefnanda, rétt áður en það átti að leggja frá landi. Kallaði stefnandi síðan á hann inn í herbergi sitt og fór hann þangað inn, en faðir hans var þar þá fyrir. Þóttist hann sjá, að stefnandi hefði sagt föður sínum, að hann hefði tekið peningakassann, enda spurði faðir hans um það, hvort hann hefði tekið peningakassann, og viðurkenndi hann, að svo hefði verið. Spurði faðir hans þá um það, hvað hann hefði gert við alla peningana, og nefndi í því sambandi 3000 krónur. Kveðst hann hafa svarað því til, að svo miklir peningar hafi ekki verið í kassanum, enda hafi hann þá minnzt þess, að Magngeir Valur Jónsson hafði áður sagt honum, að í kassanum hefðu verið kringum kr. 1500.00. Hafi stefnandi í tilefni þessa sagt, að enn fremur hefðu nótur verið í kassanum, og beðið Kristinn um að leiðrétta það við konu sína, móður Guðmundar Magnúsar, að ekki hefðu verið eins miklir peningar í kassanum og hann hefði haldið. Síðan kveður hann, að faðir sinn hafi spurt sig: „Varstu einn“, og hafi hann nú talið rétt, þegar hann þóttist sjá, að stefnandi ætlaði að koma þjófnaðinum yfir á hann, að neita því ekki fyrir föður sínum, að hann hefði tekið peningana, og hefði því svarað: „Nei, en ég var einn af þeim“, og hafi hann ekki gert sér neitt far um

það, að stefnandi heyrði ekki svarið. Stefnandi hafi þá sagt við sig: „Þú ætlar þó ekki að fara að blanda mér inn í málið?“ Kristinn hafi síðan sagt, að allt mundi verða gert fyrir hann í málinu, sem hægt væri, en hann yrði að lofa því, að bragða ekki vín fram, og hafi þá samtali þarna í herberginu verið lokið.

Framburður stefnanda er á þessa leið: Hann kveðst hafa verið 2. stýrimaður á m/s Herðubreið síðan í desember 1947 og hafi einnig verið það í ferð skipsins til Austur- og Norðurlandsins, þegar peningakassinn hvarf. Hann selur ásamt 1. stýrimanni farseðla með skipinu, og hefur það tíðkæzt, að hann hafi lánað skipverjum upp í kaup þeirra smáfjárhæðir af andvirði farseðlanna. Er skipið kom til Akureyrar í umræddri ferð þess, telur hann sig ekki hafa haft yfir kr. 200.00 í reiðufé af andvirði farseðla. Um kvöldið, þegar skipið kom til Akureyrar, eða næsta morgun hafi Guðmundur Magnús komið til hans og beðið um peningalán, án þess að nefna nokkuð ákveðna fjárhæð eða til hvers hann ætlaði að nota peningana, en hann kvaðst enga peninga hafa, og hafi Guðmundur Magnús farið við svo búíð. Litlu eftir þetta og meðan skipið var á Akureyri kveður stefnandi, að hann og Bogi Guðmundsson háseti hafi verið staddir í herbergi Guðmundar Magnúsar. Hafi þeir bragðað þar á víni, og kveðst stefnandi þá hafa verið undir áhrifum áfengis. Stuttu eftir að þeir komu í herbergið, hafi Guðmundur Magnús komið þangað og fengið sér vínblöndu með þeim. Telur hann, að Bogi muni svo hafa farið út úr herberginu, en hann og Guðmundur Magnús orðið eftir og dvalið þar stutta stund. Minnir stefnanda, að þeir hafi fengið sér vínblöndu að drekka, en ekki man hann eftir því, að þeir hafi skipzt á orðum. Minnir stefnanda, að þeir hafi báðir orðið samferða út úr herberginu, og hann hafi farið upp á þilfar og í herbergi sitt. Neitar stefnandi því eindregið, að það sé rétt, sem Guðmundur Magnús heldur fram, að fram hafi farið, eftir að Bogi var farinn úr herberginu. Kveðst stefnandi aldrei hafa afhent Guðmundi Magnúsi eða vísað honum á nokkurn kassa eða nokkurn hlut, eða beðið hann að fara burt úr herberginu með nokkurn hlut. Þá neitar stefnandi því og eindregið, að hann hafi verið með nokkurn kassa eða vitað um nokkurn slíkan hlut í herberginu svo og að hann hafi fengið Guðmundi Magnúsi fimm hundruð króna seðil eða nokkra aðra peninga í þetta skipti. Næsta dag kveðst stefnandi hafa heyrt, að Ólafur bryti saknaði peningakassa úr herbergi sínu, en hann kveðst ekki hafa haft hugmynd um, hver valdur hafi verið að hvarfi kassans, og neitar því ákveðið að hafa átt nokkurn þátt í töku hans. Ekki kveðst stefnandi minnst þess, að hann og Guðmundur Magnús hafi nokkurn tíma í þessari ferð skipsins talast við um hvarf peningakassans eða Guðmundur Magnús hæfi máls á hvarfinu við hann eða nokkurn atriðum í því sambandi.

Stefnandi hefur skýrt á tvo vegu frá því, hvað skeði milli hans og Guðmundar Magnúsar, þegar sá síðarnefndi var kvaddur til rannsóknarlögreglunnar 5. nóvember 1948. Fyrst skýrði stefnandi svo frá, að hann hafi verið staddur á stjórnþalli skipsins, en Guðmundur Magnús hafi verið að fara úr skipinu í land, þegar þeir sáuust. Hafi Guðmundur Magnús þá

kallað til hans þessum orðum: „Þú veizt hvar ég er, ef ég kem ekki“. Frekari orð hafi ekki farið þeirra á milli í þetta skipti. Síðar skýrði stefnandi svo frá, að hann hafi talað við Guðmund Magnús snöggvast í gangi skipsins eða skrifstofunnar og beðið hann um að ná í læsingu (smekklás) á „lagernum“ hjá Ríkisskipum og fara með bækur á Bæjarbókasafnið og ná í aðrar í staðinn. Hafi hann lofað að gera þetta. Kveðst stefnandi síðan hafa farið í brúna, en Guðmundur Magnús hafi farið í land, og þegar hann hafi verið að fara niður landganginn hafi hann sagt: „Þú veizt hvar ég er, ef ég kem ekki“. Kveðst stefnandi þá hafa spurt, hvað væri að, og hafi Guðmundur Magnús svarað: „Það er lögreglan“. Kveður stefnandi, að honum hafi ekki dottið í hug, að Guðmundur Magnús ætti að mæta út af hvarfi peningakassans, heldur hafi hann haldið, að það væri út af hvarfi á vini úr skipinu nokkru áður.

Þenna dag milli kl. 18.00 og 18.30 kveðst stefnandi hafa komið heim til sín, og hafi Guðmundur Magnús þá komið til hans. Hafi tilgangur Guðmundar Magnúsar verið sá að biðja hann að skýra foreldrum sínum frá því, að hann hefði játað á sig þjófnad á peningakassa með peningum í, því að hann gæti ekki sjálfur sagt þeim frá því. Kvaðst stefnandi hafa sagzt mundu gera þetta. Þá hafi Guðmundur Magnús haft orð á því, að hann ætlaði ekki að fara með næstu ferð skipsins, en stefnandi kveðst hafa fengið hann af því. Stefnandi minnst þess ekki, að Guðmundur Magnús hafi í þetta skipti eða annað beðið hann að skýra Ólafi bryta frá því, að hann hefði tekið peningakassann eða biðja Ólaf að skýra ekki öðrum frá því. Stefnandi og Guðmundur Magnús urðu síðan samferða niður að skipinu, sem var þá um það bil að fara. Voru foreldrar Guðmundar Magnúsar þá fyrir á bryggjunni, og fór stefnandi með þeim heim til þeirra í bifreið. Skýrði hann þeim frá játningu sonar þeirra á töku peningakassans. Stefnandi og faðirinn fóru svo aftur niður að skipinu, og talaði sá síðarnefndi þá nokkur orð við son sinn, eins og til að róa hann, og sagði, að allt mundi verða gert í málinu, sem hægt væri, og fór síðan.

Faðir Guðmundar Magnúsar, Kristinn Hróbjartsson, hefur borið það, að hann og kona hans, Kristín Guðrún Guðmundsdóttir, hafi farið niður að m/s Herðubreið, rétt áður en skipið átti að leggja úr höfn 5. nóvember 1948. Hittu þau þar stefnanda, sem sagðist hafa þýðingarmikið mál að segja Kristni, og fóru þau þá heim til sín með honum. Er þangað var komið, hafi stefnandi sagt, að Guðmundur Magnús hafi beðið hann að skýra þeim frá því, að hann hefði játað á sig þjófnad á kr. 3000.00 frá brytanum á m/s Herðubreið. Kveður Kristinn, að stefnandi hafi skýrt frá þessu í viðurvist þeirra hjóna beggja. Hafi kona hans þá sagt, að það gæti ekki verið, að sonur þeirra væri einn í þessu, og hafi stefnandi þá svarað: „Hann tók (eða „játaði“) það á sig fyrir alla“. Þeir Kristinn og stefnandi fóru síðan niður að skipinu aftur. Á leiðinni þangað innti Kristinn stefnanda eftir því, hverjir hefðu verið með syni sínum í þessu, en stefnandi hafi þá sagt, að hann hafi verið einn í því. Er á skipið kom, hittu þeir Guðmund Magnús, og sagði Kristinn við hann, að hann vissi,

hvernig komið væri fyrir honum, en kvaðst þó vera viss um, að hann hefði ekki verið einn í þessu. Síðan kveðst Kristinn hafa snúið sér að syni sínum og spurt hann: „Varstu einn?“ Hafi hann þá svarað ósköp lágt: „Nei“. Hafi stefnandi þá sagt: „Þú ætlar þó ekki að fara að blanda mér í þetta Guðmundur?“ Minnst Kristinn þess ekki, að sonur hans, sem var að fara út úr herberginu, hafi svarað þessum orðum stefnanda nokkru Framburður Kristínar Guðmundsdóttur er í fullu samræmi við framburð Kristins, sem rakinn hefur verið hér að framan, um það, hvað gerðist heima hjá þeim hjónum, er stefnandi kom þangað í umrætt skipti. Kveðst Kristín hafa sagt við stefnanda, þegar hann hafði skýrt frá því, að Guðmundur Magnús hefði tekið kr. 3000.00 frá brytanum á Herðubreið: „Þetta hefur Mummi ekki gert einn“, og hafi stefnandi þá svarað: „Hann játaði það á sig fyrir alla“.

Þau hjónin Kristinn og Kristín hafa bæði unnið eið að framburði sínum.

Stefnandi kveðst muna vel eftir því, að Kristín Guðrún hafi sagt við hann, þegar hann kom heim til hennar og manns hennar í umrætt skipti, þessi orð: „Þetta hefur Mummi ekki gert einn“. Hins vegar kveðst stefnandi ekki muna eftir því, hvort hann sagði nokkuð sérstakt við þessu, hann rekur ekki minni til þess, að hann hafi svarað með setningunni: „Hann játaði (eða „tók“) það á sig fyrir alla“, en hann mótmælir því ekki, að hann hafi sagt þetta, og kveður, að svo geti hafa verið.

Við yfirheyrslur rannsóknarlögreglunnar og réttarrannsóknir í málinu hefur stefnandi staðfastlega neitað því, að hann hafi átt nokkurn þátt í hvarfi umrædds peningakassa eða um það vitað, hvernig það hafi að höndum borið.

Í réttarrannsókninni voru þeir Guðmundur Magnús og stefnandi ýtarlega samprófaðir, en báðir hafa þeir endanlega haldið fast við þá framburði sína, sem raktir eru hér næst á undan, og í engu hvikað frá þeim.

Réttarrannsóknin var send dómsmálaráðuneytinu, og með bréfi, dags. 23. marz 1949, fyrirskipaði það framhaldsrannsókn í málinu og málshöfðun gegn Guðmundi Magnúsi fyrir brot gegn XXVI. og XXVII. kafla hegningarlaganna. Ekki var fyrirskipuð opinber málshöfðun á hendur stefnanda út af peningakassahvarfinu.

Stefnandi heldur því fram og reisir á því framangreindar dómkröfur sínar, að hann eigi rétt til bóta fyrir gæzluvarðhald sitt samkvæmt 1. gr. laga nr. 28 frá 1893. Reiknar hann sér kr. 28.816.60 í bætur fyrir atvinnutjón vegna gæzluvarðhaldsins og kr. 50.000.00 í miskabætur. Nema upp-hæðir þessar samanlagðar hinni umkröfðu fjárhæð.

Að því er atvinnutjónið varðar, heldur stefnandi því fram, að hann hafi misst stöðu sína á Herðubreið vegna gæzluvarðhaldsins. Að visu hafi honum verið greitt 3 mánaða kaup eða til 19. febrúar 1949, en atvinnu hafi hann ekki fengið aftur fyrr en um s.l. áramót eða um 10 mánuðum seinna. Er stefnandi hafði misst stöðuna á Herðubreið, kveðst hann á nýjan leik hafa leitað eftir stöðu hjá Skipaútgerð ríkisins, og hafi honum loks verið heitið stýrimannsstarfi á e/s Súðinni sumarið 1949, er hún

legði í Grænlandsleiðangur sinn. Hann kveðst þó hafa orðið af starfi þessu vegna sjúkleika. Hann hafi s.l. 8 ár þjáðst af alvarlegum meltingarkvilla. Þessi kvilli hafi svo í janúar 1949 ágerzt svo, að hann hafi að lækniðómi orðið óvinnufær upp frá því til mánaðamóta september og október s.á. Á þessu tímabili hafi hann orðið að leggjast í sjúkrahús, og hafi hann legið þar frá 27. júní til 7. september. Telur hann, að gæzluvarðhaldsvistin hafi verið orsök þess, hversu sjúkdómur hans versnaði, og hefur því til sönnunar lagt fram vottorð dr. med. Jóhannesar Björns-sonar. Segir í vottorðinu m. a., að það sé álit lækna, sem sérþekkingu hafi á meltingarsjúkdómum, að áhyggjur og geðbrigði geti beinlínis orsakað slíka sjúkdóma og haft slæm áhrif, ef fyrir eru. Telur læknirinn það vafalaust, að gæzluvarðhaldið og réttarrannsóknin hafi stuðlað mjög að versnun á sjúkdómi stefnanda.

Fjárhæð bótanna fyrir atvinnutjónið miðar stefnandi við það, að meðaltekjur hans fyrstu 10 mánuði ársins 1948 hafi verið kr. 2881.66 á mánuði, og nemi því 10 mánaða kaup kr. 28.816.60.

Sýknukröfu sína reisir stefndi á því, að réttmætt hafi verið að úrskurða stefnanda í gæzluvarðhald, og honum hafi ekki verið haldið þar lengur en rannsókn málsins gaf ástæðu til. Þá telur hann, að ekki sé fullnægt því skilyrði 1. mgr. 1. gr. laga nr. 28 frá 1893 in fine til bótaréttar, að álíta megí eftir öllum málavöxtum, að stefnandi sé saklaus af afbroti því, er tilefni gaf til þess, að hann var sviptur frelsi.

Varakröfuna reisir stefndi á því, að ósannað sé, að versnun sjúkdóms stefnanda hafi átt rót sína að rekja til gæzluvarðhalds hans. Þá heldur hann því fram, að fjárhæð sú, sem stefnandi krefst í miskabætur, nái ekki nokkurri átt.

Stefnandi var oft peningalítill eða peningalaus, meðan hann var á Herðubreið, og skuldaði ýmsum skipverjum á Herðubreið smáfjárhæðir. Hann og Guðmundur Magnús drukku oft áfengi saman bæði í ferðum m/s Herðubreiðar og í landi. Allajafna borgaði Guðmundur Magnús áfengið, en stefnandi aðeins sjaldan, og tók hann þá stundum peningana úr farseðlapeningatösku sinni, en Guðmundur Magnús greiddi þá aftur.

Telja verður, að réttmætt hafi verið, eins og á stóð, að úrskurða stefnanda í gæzluvarðhald, og ekki verður litið svo á, að honum hafi verið haldið þar lengur en efni stóðu til. Virðist rannsókn málsins hafa verið hraðað, eftir því sem föng voru á. Svo sem áður er sagt, var ekki höfðað opinbert mál á hendur stefnanda út af hvarfi peningakassans.

Við framangreinda réttarrannsókn sannaðist ekki, hver valdur var að hvarfi kassans, en auk fleiri skipverja virðist stefnandi hafa haft aðstöðu til töku hans. Að þessu athuguðu og öðru því, er fram kom við réttarrannsóknina, sérstaklega í framburðum Guðmundar Magnúsar og for-eldra hans, svo og þegar það er virt, að ósamkvæmni gætti um nokkur atriði í framburði stefnanda, þykja bresta skilyrði 1. mgr. 1. gr. laga nr. 28 frá 1893 in fine til þess að dæma honum bætur fyrir gæzluvarðhaldið.

Þar sem stefndi hefur ekki gert kröfu til málaskostnaðar, fellur hann niður. Ríkissjóður greiði málflutningsþóknun skipaðs fyrirsvarsmanns

stefnanda, Gústafs A. Sveinssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 2000.00. Hins vegar þykir ekki ástæða til að dæma Valdimar Stefánssyni sakadómara og fulltrúa hans, Þórði Björnssyni, málskostnað úr hendi stefnanda, þar sem þeim var aðeins stefnt til réttargæzlu, án þess að kröfur væru gerðar á hendur þeim.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:

Stefndi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, á að vera sýkn af kröfum stefnanda, Jóns Magnússonar, í máli þessu.

Málflutningsþóknun skipaðs fyrirvarsmanns stefnanda, Gústafs A. Sveinssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 2000.00, greiðist úr ríkissjóði. Að öðru leyti fellur málskostnaður niður.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Laugardaginn 8. marz 1952.

Nr. 55/1951. **Kaupfélag Ísfirðinga** (Sigurður Ólason)
gegn

Sigrúnu Edwald og Rögnvaldi Jónssyni
(Ólafur Þorgrímsson).

Setudómarar hrl. Lárus Jóhannesson
og Valdimar Stefánsson sakadómari í
stað hrd. Árna Tryggvasonar og hrd.
Jóns Ásbjörnssonar.

Forkaupsréttur.

Dómur Hæstaréttar.

Jóhann Gunnar. Ólafsson, bæjarfógeti á Ísafirði, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 5. maí 1951. Gerir hann þessar dómkröfur:

Aðalkrafa: Að sala stefnda Sigrúnar Edwalds hinn 3. janúar 1949 á lóð og húsi nr. 16 við Aðalstræti á Ísafirði til stefnda Rögnvalds Jónssonar verði dæmd ógild og áfrýjanda dæmt rétt að kaupa fasteignir þessar fyrir tiltölulegan hluta af heildarverði því, sem stefndi Rögnvaldur Jónsson gaf fyrir þær ásamt verzlun og vörubirgðum.